

Föstudaginn 25. maí 1962.

Nr. 83/1962. **Matthías Bjarnason**

(Guðmundur Pétursson hrl.)

gegn

bæjarstjóranum á Ísafirði f. h. bæjarstjórnar Ísafjarðar (Árni Guðjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Um kosningarrétt.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. þ. m. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að taka nafn Þuriðar Vigfúsdóttur, er í héraðsdómi getur, á kjörskrá við bæjarstjórnarkosningar á Ísafirði 27. þ. m. Einnig krefst hann málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Mál þetta varðar borgararéttindi Þuriðar Vigfúsdóttur, og mundi efnisdómur um þau binda hana. Henni hefur ekki verið stefnt í málinu, og hvorki hún sjálf né nokkur fyrir hennar hönd hefur komið fyrir dóm. Þess er og að geta, að áfrýjandi hefur eigi fært sönnur á, að honum hafi hamlað forföll þau, er getur í 24. gr. laga nr. 52/1959, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1962, en hann hafði eigi áður kært mál þetta til bæjarstjórnar.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, þykir bera að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjanda dæmt að greiða stefnda málskostnað í Hæstarétti, er ákveðst kr. 3000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjandi, Matthías Bjarnason, greiði stefnda, bæjarstjóranum á Ísafirði f. h. bæjarstjórnar Ísafjarðar, kr. 3.000.00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Ísafjarðar 22. maí 1962.

Ár 1962, þriðjudaginn 22. maí, var í bæjarþingi Ísafjarðar, sem haldið var í bæjarfógetaskrifstofunni af Jóh. Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í máli þessu, sem dómtekið var 21. þ. m.

Mál þetta er höfðað samkv. heimild í 24. gr. laga nr. 52, 12. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis, sbr. 14. gr. laga um sveitarstjórnarkosningar nr. 81/1936, fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 14. maí s.l., af Matthíasi Bjarnasyni forstjóra, Ísafirði, gegn Jóni Guðjónssyni bæjarstjóra á Ísafirði f. h. bæjarstjórnar Ísafjarðar. Gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefndi verði með dómi skyldaður til þess að taka nafn Þuríðar Vigfúsdóttur, til heimilis Hafnarstræti 6, Ísafirði, á kjörskrá til bæjarstjórnarkosninga á Ísafirði 27. maí 1962.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda.

Málavextir eru þessir:

Þuríður Vigfúsdóttir, ekkja Einars Guðmundssonar klæðskera, Ísafirði, var búsett á Ísafirði þar til síðari hluta árs 1961. Þá seldi hún íbúð sína í Hafnarstræti 6 á Ísafirði og mun hafa farið úr íbúðinni um miðjan september. Búsíð sína flutti Þuríður um líkt leyti til Reykjavíkur og fór þangað sjálf og tók sér bólfestu að Dunhaga 15, Reykjavík, en þar mun hún hafa keypt sér íbúð.

Þuríður Vigfúsdóttir mun hafa komið aftur til Ísafjarðar nokkru síðar (1. okt.) og dvalið þar hjá venzlafólki sínu fram yfir áramót 1961/1962, en ekki tilkynnti hún aðsetursskipti í bænnum.

Tilkynning um aðsetursskipti Þuríðar var ekki send bæjarstjórn Ísafjarðar fyrr en 24. jan. 1962.

Íbúð Þuríðar í Hafnarstræti 6 keypti Guðmundur Marzellíusson, Fjarðarstræti 33, Ísafirði. Flutti hann í hana og sendi tilkynningu um aðsetursskipti 16. okt. 1961.

Hinn 28. október 1961 sendi starfsmaður bæjarstjórnarskrifstofunnar á Ísafirði tilkynningu til Hagstofu Íslands um aðseturs-

skipti Þuríðar Vigfúsdóttur að Dunhaga 15, Reykjavík, og hefur hún samkvæmt þeirri tilkynningu verið tekin á íbúaskrá Reykjavíkur, þá er notuð hefur verið við samningu kjörskrár til borgarstjórnarkosningar í Reykjavík 27. maí n.k. Er Þuríður á kjörskrá Reykjavíkur og getur neytt atkvæðisréttar samkvæmt því.

Samkvæmt þessu hefur Þjóðskráin talið tilkynningu bæjarstjórnar Ísafjarðar gilda um „heimilisfang“ Þuríðar Vigfúsdóttur í þeirri merkingu, sem orðið er notað í sambandi við samningu kjörskrár, sbr. 15. gr. laga nr. 31, 27. marz 1956, um þjóðskrá og almenna skráningu.

Stefnandi heldur því fram, að bæjarstjórn Ísafjarðar hafi ekki haft heimild til þess að „flytja“ lögheimili Þuríðar Vigfúsdóttur án samþykkis hennar og að kjósandi ákveði sjálfur flutning á lögheimili sínu.

Þegar á þau atvik er litið, sem rakin voru hér að framan, þ. e. sölu Þuríðar á íbúð sinni á Ísafirði, brottflutning hennar sjálfrar og búslóðar í aðra íbúð í Reykjavík, þá virðast það vera allsterkar líkur a.m.k. fyrir því, að Þuríður hafi ráðið við sig flutning á lögheimili til Reykjavíkur, sbr. t. d. 2. gr. laga nr. 35/1960 um lögheimili, enda þótt hún tilkynnti flutninginn ekki að sinni.

Ekki verður á það fallið með stefnanda, að stefndi hafi ekki haft heimild til þess að tilkynna flutning Þuríðar Vigfúsdóttur, heldur verður að telja rétt það, sem stefndi heldur fram, að honum hafi beinlínis borið skylda til þess að bæta úr vanrækslu á tilkynningu um aðsetursskiptin samkvæmt 13. gr. laga nr. 73/1952, um tilkynningu aðsetursskipta, sbr. 5. gr. laga nr. 15/1956 um breytingu á þeim lögum.

Samkvæmt framansögðu verður að líta svo á, að samkvæmt málavöxtum og ákvæðum laga hafi tilkynning stefnda um aðsetursskipti Þuríðar Vigfúsdóttur verið réttmæt og að hún sé því réttilega talin heimilisföst í Reykjavík 1. desember 1961 og eigi þar kosningarrétt, og verður krafa stefnanda um það, að Þuríður Vigfúsdóttur skuli tekin á kjörskrá á Ísafirði, ekki tekin til greina.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Guðjónsson bæjarstjóri f. h. bæjarstjórnar Ísafjarðar, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Matthíasar Bjarnasonar forstjóra, að því er varðar kjósandann Þuríði Vigfúsdóttur.